

## **„EINHVER AÐ TALA BÆKLAÐA ÍSLENSKU?“ : UPPLIFUN HÁSKÓLAMENNTAÐRA INNFLYTJENDA AF SAMSKIPTUM VIÐ SITT SAMSTARFSFÓLK OG YFIRMENN**

Erla S. Kristjánsdóttir, lektor, Háskóli Íslands  
Þóra Christiansen, aðjúnt, Háskóli Íslands

Gæði samskipta eru sérstaklega mikilvæg í sköpun og miðlun þekkingar. Ánægja starfsmanna með innri samskipti og upplýsingamiðlun hefur sterka fylgni við það hve vel þeir samsama sig skipulagsheildinni sem aftur er lykilþáttur hollustu. Skortur á samsömun við skipulagsheildina hefur sterk tengsl við álag, kulnun og brotthvarf. Mikilvægt er því að greina gæði samskipta ekki bara út frá skipulagsheildinni, heldur einnig út frá einstaklingnum. Íslenskar skipulagsheildir hafa verið nokkuð einsleitar hvað varðar menningarlegan bakgrunn starfsfólks. Með auknum straumi innflytjenda og aukinni þörf á sérhæfðu og menntuðu starfsfólki fer hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna ört hækkandi. Skoðuð var upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum við sitt samstarfsfólk og yfirmenn, helstu hindrunum og áskorunum. Tekin voru 12 djúpvíðtöl við háskólamenntaða innflytjendur frá löndum utan Evrópu. Helstu þemu eru „bæklud íslenska...“, „bara enn annar innflytjandi“, „innflytjendaborðið“, „ekki hleypt inn í hringinn“ og „með leiðindi“. Viðmælendur okkar upplifa ákveðna aðgreiningu og að samskiptin við Íslendinga séu aðallega á yfirborðinu. Ennfremur finnst þeim erfitt að eiga í dýpri samskiptum við þá. Viðmælendur ræddu einnig um að þeim fyndist erfitt að hefja máls á vandamálum á vinnustað. Þeir upplifa að sá sem bendir á að eitthvað megi betur fara sé með leiðindi, í stað þess að áherslan sé á vandamálið sem þarf að leysa. Niðurstöðurnar hafa ótvírætt gildi fyrir bæði starfsfólk og stjórnendur í íslenskum skipulagsheildum. Þær sýna fram á gildi þess að stjórnendur taki ábyrgð á því að virkja sitt starfsfólk í samskiptum, því aðlögun er ekki bara á ábyrgð þeirra sem eru utanaðkomandi, heldur þarf frumkvæðið að vera stjórnandans.